

REGLUR

um afleiður og stöðustofnun fyrir fjármálagerninga.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um nánari framkvæmd laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga hvað varðar:

- a. Beitingu stöðuhámarka á hrávöruafleiður, skv. 98., 99. og 100. gr. laganna.
- b. Snið stöðutilkynninga, skv. 102. og 103. gr. laganna.
- c. Bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif af afleiðusamningum innan EES og þau tilvik þar sem viðskiptaskyldan er nauðsynleg til að koma í veg fyrir að reglur og skyldur séu sniðgengnar, skv. 28. gr. MiFIR.
- d. Viðskiptaskylduna skv. 28. og 32. gr. MiFIR.
- e. Viðmið til að ákvarða hvort afleiður sem falla undir stöðustofnunarskylduna ættu að falla undir viðskiptaskylduna, skv. 28. og 32. gr. MiFIR.
- f. Tilgreiningu stöðustofnunar skyldu fyrir afleiður sem viðskipti eru með á skipulegum markaði og tímaramma fyrir samþykkt stöðustofnunar, skv. 29. gr. MiFIR.
- g. Óbeint stöðustofnunarfyrrkomulag, skv. 30. gr. MiFIR.
- h. Stöðustofnunaradgang vegna viðskiptavettvanga og miðlægra mótaðila, skv. 35. og 36. gr. MiFIR.
- i. Aðgang að viðmiðunargildum, skv. 37. gr. MiFIR.

2. gr.

Tilvísanir.

Endurtryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2005/68/EB: Tilvísanir í reglum þessum til endurtryggingafélags með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2005/68/EB skal skilja sem tilvísanir til váttryggingafélags með starfsleyfi í endurtryggingum skv. lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

Hrávöruafleiður skv. 10. lið bálks C í I. viðauka MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til hrávöruafleiða sem skilgreindar eru í 10. lið bálks C í I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til hrávöruafleiða skv. g-lið 2. töluliðar 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Hrávöruafleiður skv. c-lið 44. liðar 1. mgr. 4. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til hrávöruafleiða sem skilgreindar eru í c-lið 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til hrávöruafleiða skv. c-lið 64. töluliðar 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Lánastofnun með starfsleyfi í samræmi við CRD IV: Tilvísanir í reglum þessum til lánastofnunar með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2013/36/ESB skal skilja sem tilvísanir til lánastofnunar með starfsleyfi skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Lágmarkseiginfjárkröfur skv. f-lið 1. mgr. 47. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til lágmarkseiginfjárfarfna skv. f-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til lágmarks hlutafjár skv. 6. tölulið 1. mgr. 78. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Lífeyrissjóður með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2003/41/EB: Tilvísanir í reglum þessum til stofnunar um starfstengdan lífeyri í skilningi a-liðar 6. gr. tilskipunar 2003/41/EB skal skilja sem tilvísanir til lífeyrissjóðs með starfsleyfi skv. lögum nr. 78/2007 um starfstengda lífeyrissjóði.

Líftryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2002/83/EB: Tilvísanir í reglum þessum til líftryggingafélags með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2002/83/EB skal skilja sem tilvísun til váttryggingafélags með starfsleyfi í líf- og heilsutryggingum skv. lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem um getur í 1. mgr. 58. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til rekstraraðila markaða og verðbréfafyrirtækja sem um getur í 1. mgr. 58. gr.

tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til rekstraraðila markaða og verðbréfafyrirtækja sem um getur í 1. mgr. 102. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Rekstraraðilar skv. tilskipun 2003/87/EB: Tilvísanir í reglum þessum til rekstraraðila sem ber að hlíta kröfum skv. tilskipun 2003/87/EB skal skilja sem tilvísanir til rekstraraðila sem hlíta ber kröfum skv. lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál.

Setning stöðuhámarks fyrir hrávöruafleiðusamning skv. 4. mgr. 57. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til setningar stöðuhámarks fyrir hrávöruafleiðusamning sem um getur í 4. mgr. 57. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til setningar stöðuhámarks skv. 98. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Sérhæfður sjóður skv. AIFMD: Tilvísanir í reglum þessum til sérhæfðs sjóðs (AIF) sem er stýrt af rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem hefur starfsleyfi eða er skráður í samræmi við tilskipun 2011/61/ESB skal skilja sem tilvísanir til sérhæfðs sjóðs (AIF) sem er stýrt af rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem hefur starfsleyfi eða er skráður skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Stofnun um starfstengdan lífeyri: Tilvísanir í reglum þessum til stofnana um starfstengdan lífeyri í skilningi 1. liðar 6. gr. tilskipunar (ESB) 2016/2341 skal skilja sem tilvísanir til starfstengds eftirlaunasjóðs skv. lögum nr. 78/2007 um starfstengda lífeyrissjóði.

Tilskipun 98/26/EB: Tilvísanir í reglum þessum til tilskipunar 98/26/EB skal skilja sem tilvísanir til laga nr. 90/1999 um öryggi fyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum.

Tilkynningar skv. 58. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til tilkynninga sem um getur í 58. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilkynningar skv. 102. og 103. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Undanþága skv. 1. mgr. 57. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til undanþágu sem um getur í öðrum undirlið 1. mgr. 57. gr. tilskipunar 2014/65/ESB sem ófjárhagslegur aðili með stöðu í hrávöruafleiðu sem telst draga úr áhættu skal sækja um skal skilja sem tilvísanir til undanþágu skv. 2. mgr. 98. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Vátryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 73/239/EBE: Tilvísanir í reglum þessum til vátryggingafélags með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 73/239/EBE skal skilja sem tilvísanir til vátryggingafélags með starfsleyfi í skaðatryggingum skv. lögum nr. 100/2016 um vátrygginga-starfsemi.

Verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í samræmi við MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til verðbréfafyrirtækis með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til verðbréfafyrirtækis með starfsleyfi skv. lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Verðbréfafyrirtæki sem eru viðskiptavakar í samræmi við 7. lið 1. mgr. 4. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til verðbréfafyrirtækja sem eru viðskiptavakar í samræmi við 7. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til verðbréfafyrirtækja sem eru viðskiptavakar skv. 67. tölulið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Verðbréfasjóður með starfsleyfi í samræmi við UCITS: Tilvísanir í reglum þessum til verðbréfasjóðs (UCITS) og rekstrarfélags hans með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2009/65/EB skal skilja sem tilvísanir til verðbréfasjóðs (UCITS) og rekstrarfélags hans með starfsleyfi skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði.

Viðskiptavakar: Tilvísanir í reglum þessum til viðskiptavaka skal skilja sem tilvísanir til viðskiptavaka skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Viðskipti til að uppfylla skyldur um að veita seljanleika hrávöru á viðskiptavettvangi: Tilvísanir í reglum þessum til viðskipta sem eru gerð til að uppfylla skyldur um að veita seljanleika í hrávöruafleiðu á viðskiptavettvangi eins og um getur í c-lið fjórðu undirgreinar 4. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem viðskipti með hrávöruafleiður eða losunarheimildir, eða afleiður af þeim, sem stofnað er til í þeim tilgangi að uppfylla skyldu um að tryggja seljanleika á viðskiptavettvangi, þegar slíkrar skyldur er krafist af lögbærum yfirvöldum í samræmi við lög eða stjórnvaldsfyrirmæli eða af viðskiptavettvöngum.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 72 frá 11. nóvember 2021, bls. 248-260 og 273-279, nr. 78 frá 9. desember 2021, bls. 1-9, 20-23 og 364-380, nr. 16 frá 10. mars 2022, bls. 6-11, nr. 20 frá 24. mars 2022 bls. 19-20 og nr. 26 frá 21. apríl 2022 bls. 287-297, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 88 frá 31. október 2019, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2020 frá 26. maí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerðingna að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um viðmið til að ákvarða hvort afleiður sem falla undir stöðustofnunaraskylduna ættu að falla undir viðskiptaskylduna.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2021 frá 2. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerðingna að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aðgang að viðmiðunargildum.
3. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/579 frá 13. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerðingna að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif af afleiðusamningum innan Sambandsins og að koma í veg fyrir að reglur og skyldur séu sniðgengnar.
4. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/581 frá 24. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunaradgang vegna viðskiptavettvanga og miðlægra mótaðila.
5. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/582 frá 29. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina stöðustofnunaraskyldu fyrir afleiður sem viðskipti eru með á skipulegum markaði og tímaramma fyrir samþykkt stöðustofnunar.
6. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/953 frá 6. júní 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið og tímasetningu stöðutilkynninga verðbréfafyrirtækja og rekstraraðila markaða sem starfrækja viðskiptavettvanga samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerðingna.
7. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1093 frá 20. júní 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið stöðutilkynninga verðbréfafyrirtækja og rekstraraðila markaða.
8. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2154 frá 22. september 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um óbeint stöðustofnunarfyrikomulag.
9. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2417 frá 17. nóvember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerðingna að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um viðskiptaskyldu vegna tiltekinnna afleiðna.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1299 frá 24. mars 2022 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina inntak eftirlits viðskiptavettvangs með stöðustjórnun, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 40 frá 25. maí 2023, bls. 47-49, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2023, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1300 frá 24. mars 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1093 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið stöðutilkynninga verðbréfafyrirtækja og rekstraraðila markaða, sem birt er í EES-viðbæti við

Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 40 frá 25. maí 2023, bls. 50-55, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2023, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1302 frá 20. apríl 2022 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir beitingu stöðuhámarka á hrávörufleiður og verklag við að sækja um undanþágu frá stöðuhámörkum, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 40 frá 25. maí 2023, bls. 18-36, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 282/2022 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 35 frá 4. maí 2023 bls. 9, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/749 frá 8. febrúar 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/2417 að því er varðar umbreytingu yfir í nýjar viðmiðanir sem vísað er til í ákveðnum OTC-afleiðusamningum, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 45 frá 15. júní 2023, bls. 69-70, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2023, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 6. mgr. 98. gr., 5. mgr. 99. gr., 4. mgr. 100. gr., 7. mgr. 102. gr., 2. mgr. 103. gr. og 22., 23., 24., 26., 28., 29. og 30. tölulið 2. mgr. 145. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, taka gildi þegar í stað. Á sama tíma falla úr gildi reglur nr. 850/2022 um afleiður og stöðustofnun fyrir fjármálagerninga.

Seðlabanka Íslands, 8. september 2023.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júnísdóttir
framkvæmdastjóri.